Tillögur að breytingum á samþykktum SL vegna sameiningar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og Almenna-Lífsverks lífeyrissjóðs.

Lagt fram til samþykktar á stjórnarfundi SL, 29. september 2026

Inngangur

Stjórnir Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda (SL) og Almenna-Lífsverks lífeyrissjóðs (ALV) hafa undirritað samrunasamning sem gerir ráð fyrir sameiningu sjóðanna 1. janúar 2027, að uppfylltum fyrirvörum samningsins. Samkvæmt tillögum að breytingum á samþykktum ALV verður heiti sameinaðs sjóðs Safnar lífeyrissjóður.

Breytingartillögurnar lúta að framkvæmd sameiningarinnar, flutningi réttinda, tímabundinni stjórnskipan og slitum SL. Jafnframt er lagt til að jöfn réttindaávinnsla falli niður við sameininguna og að þeim sjóðfélögum sem uppfylla skilyrði samþykktanna verði úthlutað uppbótarréttindum sem flytjast með öðrum áunnum réttindum til sameinaðs sjóðs.

Samruni SL og Almenna-Lífsverks og flutningur réttinda

33. gr. samþykkta sjóðsins fellur brott. Í stað hennar kemur ný 33. gr., svohljóðandi:
33. gr. Samruni við Almenna-Lífsverk lífeyrissjóð, réttindaflutningur og slit sjóðsins

33.1 Réttindi sjóðfélaga Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verða flutt yfir í sameinaðan lífeyrissjóð, Almenna-Lífsverk lífeyrissjóð, kt. 450290-2549, sem við sameininguna tekur heitið Safnar lífeyrissjóður, þann 1. janúar 2027 eða síðar, í samræmi við samþykktan samrunasamning á milli lífeyrissjóðanna. Samruni sjóðsins við Almenna-Lífsverk lífeyrissjóð er meðal annars háður fyrirvörum um samþykki eða athugasemdalausa afgreiðslu Samkeppniseftirlitsins og nauðsynlegum lagabreytingum áður en hann getur komið til framkvæmda. Að uppfylltum fyrirvörum samrunasamnings, þegar samruni hefur komið til framkvæmda og ársfundur sjóðsins árið 2027 hefur verið haldinn er Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda slitið að gættum fyrirmælum 48. gr. laga nr. 129/1997.

Rökstuðningur
Ákvæðið fjallar um samruna sjóðanna tveggja og slit SL að uppfylltum þeim fyrirvörum sem í ákvæðinu greinir, enda getur samruni sjóðsins við Almenna-Lífsverk lífeyrissjóð aðeins komið til framkvæmda þegar nauðsynlegar lagabreytingar hafa tekið gildi. Haldinn verður ársfundur fyrir SL þótt sameinaður sjóður hafi tekið til starfa, þar sem ársreikningur sjóðsins fyrir árið 2026 verður lagður fram samkvæmt þeim reglum sem um sjóðinn gilda áður en hægt er að slíta sjóðnum í samræmi við fyrirmæli 48. gr. laga nr. 129/1997.

33.2 Sjóðfélagar og rétthafar sem áttu áunnin réttindi eða inneign í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda 31. desember 2026 samkvæmt samþykktum hans, eins og þær voru fyrir sameiningu, skulu við sameininguna öðlast samsvarandi réttindi í sameinuðum lífeyrissjóði. Flutningurinn tekur til allra áunninna réttinda, eftir því sem við á, þ.m.t. ellilífeyrisréttinda, örorkulífeyrisréttinda, makalífeyrisréttinda og barnalífeyrisréttinda**.**

Til áunninna réttinda samkvæmt þessari grein teljast einnig uppbótarréttindi samkvæmt gr. 9.15. Réttindi samkvæmt viðauka C í samþykktum SL flytjast með sama hætti og önnur áunnin réttindi.

33.3 Flutt áunnin barnalífeyrisréttindi gilda þar til barnalífeyrisréttur stofnast samkvæmt samþykktum sameinaðs lífeyrissjóðs eða rétturinn hefur fallið niður samkvæmt samþykktum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

33.4 **Lífeyrisréttindi færð í séreign**

Sjóðfélagar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda geta á tímabilinu 1. janúar til 25. júní 2027 óskað eftir því að 25% af áunnum ellilífeyrisréttindum, sem flytjast yfir í sameinaðan lífeyrissjóð, verði varið til að mynda inneign í séreignarsjóði. Umbreytingin fer fram miðað við stöðu fluttra ellilífeyrisréttinda í lok tímabilsins.

Skilyrði fyrir umbreytingu lífeyrisþega er að umsækjandi uppfylli kröfur um heilsufar. Umbreyting er einungis heimil ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum samkvæmt mati trúnaðarlæknis sjóðsins.

33.5 **Sameining ávöxtunarleiða**

Við samruna munu ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda sameinast leiðum í séreignarsjóði sameinaðs sjóðs á eftirfarandi hátt:

- S1 sameinast Skuldabréfasafni.
- S2 sameinast Ævisafni II.
- S3 sameinast Ævisafni I.

S3 sameinast Ævisafni II þegar um er að ræða tilgreinda séreign.

Sjóðfélögum og rétthöfum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður heimilt að færa inneign sína, að hluta eða í heild, án kostnaðar milli ávöxtunarleiða í sameinuðum lífeyrissjóði til og með 25. júní 2027 og fer um það samkvæmt samþykktum hins sameinaða sjóðs.

33.6 **Tilgreind séreign**

Samningar sem sjóðfélagar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda höfðu gert um að ráðstafa hluta skylduiðgjalds í tilgreinda séreign falla niður við gildistöku samruna. Þess í stað mun 7% hluti skylduiðgjalds renna í séreign sem fellur undir viðbótartryggingarvernd, eins og á við um ráðstöfun annarra sjóðfélaga sameinaðs sjóðs.

Rökstuðningur

Ákvæði gr. 33.2-33.6 fjalla um flutning þeirra réttinda sem sjóðfélagar SL hafa áunnið sér hjá sjóðnum og flutt verða við samrunann yfir til hins sameinaða sjóðs. Samsvarandi ákvæði er í gr. 25.8 í fyrirhuguðum samþykktarbreytingum Almenna-Lífsverks. Sjóðfélögum SL mun gefast kostur á að óska eftir því að 25% af fluttum áunnum ellilífeyrisréttindum þeirra myndi inneign í séreignarsjóði. Tilgangur þessa er að gera þeim sjóðfélögum SL sem óska eftir því kleift að haga uppbyggingu réttinda sinna hjá sameinuðum sjóði þannig að hún verði sem líkust uppbyggingu réttinda annarra sjóðfélaga hins sameinaða sjóðs. Heimildin er valkvæð og tekur bæði til lífeyrisþega og annarra sjóðfélaga. Umbreytingin felur í sér varanlega lækkun á fluttum ellilífeyrisréttindum eða ellilífeyrisgreiðslum úr samtryggingarsjóði. Á móti myndast inneign í séreignarsjóði. Réttindi til örorku-, maka- og barnalífeyris breytast ekki vegna umbreytingarinnar. Sérstakt heilsufarsskilyrði gildir um lífeyrisþega.

Markmið ákvæða 33.2-33.6 í samþykktunum er að tryggja óbreytt áunnin réttindi sjóðfélaga SL við yfirfærslu í sameinaðan sjóð og að koma í veg fyrir að skerðing verði á áunnum réttindum vegna sameiningarinnar. Með þessu er gætt að ákvæðum 48. gr. laga nr. 129/1997, þar sem kveðið er á um að réttindi sjóðfélaga skerðist ekki við samruna lífeyrissjóða. Flutningurinn sjálfur felur ekki í sér viðbótarávinnslu réttinda. Uppbótarréttindi samkvæmt gr. 9.15 teljast þó til áunninna réttinda viðkomandi sjóðfélaga SL við flutninginn. Valkvæð umbreyting ellilífeyrisréttinda í séreign samkvæmt gr. 33.4 er sérstök ráðstöfun þeirra réttinda.

Samningar sem sjóðfélagar SL höfðu gert við sjóðinn um ráðstöfun hluta af skylduiðgjaldi til tilgreindrar séreignar falla niður við gildistöku samruna. Þetta á einungis við um samninga sem gerðir hafa verið við SL, í ljósi þess að sameinaður lífeyrissjóður mun almennt ekki bjóða upp á að hluta af skylduiðgjaldi sé ráðstafað í tilgreinda séreign.

33.7

Stjórnarmenn sjóðsins halda skyldum sínum gagnvart Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda til ársfundar 2027 og slita sjóðsins í kjölfarið. Frá gildistöku samruna mynda stjórnir beggja lífeyrissjóða stjórn sameinaðs sjóðs fram að ársfundi 2027 hjá hinum sameinaða sjóði. Stjórnarmönnum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í stjórn hins sameinaða sjóðs fækkar niður í þá tvo stjórnarmenn sem lengst hafa setið í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, Einar Sveinbjörnsson og Svönu Helen Björnsdóttur, á ársfundi 2027 hjá hinum sameinaða sjóði og niður í einn á ársfundi 2028, Einar Sveinbjörnsson. Frá ársfundi 2029 gilda ákvæði samþykkta hins sameinaða sjóðs um kjör stjórnarmanna.

Rökstuðningur

Framangreint ákvæði er nauðsynlegt í ljósi gr. 5.2 samrunasamnings sjóðanna. Stjórnir sjóðanna tveggja mynda sameiginlega stjórn frá gildistöku sameiningarinnar fram að ársfundi sameinaðs sjóðs árið 2027. Jafnframt þarf að ljúka uppgjöri og öðrum eftirstandandi verkefnum SL samkvæmt þeim reglum sem um slit sjóðsins gilda. Áður en formlegum slitum SL lýkur verður haldinn ársfundur vegna starfsársins 2026 og ársreikningur sjóðsins lagður fram samkvæmt þeim reglum sem um sjóðinn gilda. Samrunasamningurinn gerir ráð fyrir að tveir stjórnarmenn SL sitji áfram í stjórn hins sameinaða sjóðs fram að ársfundi 2028 og að einn stjórnarmaður SL sitji fram að ársfundi 2029. Á stjórnarfundi SL 25. ágúst 2026 var afgreidd tillaga um hverjir af stjórnamönnum SL sitji án kosningar framangreint tímabil og er framangreint ákvæði samþykkta sjóðsins í samræmi við ákvörðun stjórnar.

Gildistaka samþykktabreytinga

Við samþykktirnar bætist ný grein, 34. gr., svohljóðandi:

34. gr. Gildistaka

Samþykktir þessar öðlast gildi 31. desember 2026 að fenginni staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytis, að því tryggðu að skilyrðum gr. 7.2 í samrunasamningi Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og Almenna-Lífsverks lífeyrissjóðs sé eða verði fullnægt.

Rökstuðningur

Nauðsynlegar lagabreytingar þurfa að taka gildi og aðrir fyrirvarar samrunasamnings að vera uppfylltir til þess að samruni sjóðanna verði að veruleika. Gildistaka breytinganna er því háð því að fyrirvararnir séu eða verði uppfylltir.

Jöfn réttindaávinnsla

Jöfn réttindaávinnsla samkvæmt eldri ákvæðum samþykktanna helst til 31. desember 2026. Við sameininguna fellur réttur til frekari jafnrar réttindaávinnslu niður. Uppbótarréttindi, eins og þau koma fram í tryggingafræðilegri úttekt SL fyrir árið 2026 samkvæmt gr. 9.15, skulu teljast til áunninna réttinda sjóðfélaga SL við samrunauppgjörið og flytjast með þeim til sameinaðs sjóðs.

9. gr. samþykkta sjóðsins tekur breytingum með eftirfarandi hætti:

9.2 Orðalagið „sbr. þó ákvæði þeirra greina sem fjalla um áframhaldandi jafna ávinnslu lífeyrisréttinda“ í 3. málsl. fellur brott.

Ákvæði gr. 9.3-9.10 falla brott.

Rökstuðningur

Ákvæði um áframhaldandi jafna réttindaávinnslu falla brott við gildistöku sameiningarinnar. Brottfallin ákvæði um jafna réttindaávinnslu eiga þó áfram við þegar meta skal réttindi sem áunnust á grundvelli þeirra ákvæða. Um uppbótarréttindi vegna niðurfellingar jafnrar réttindaávinnslu fer samkvæmt gr. 9.15.

Við 9. gr. samþykkta sjóðsins bætist nýtt ákvæði, svohljóðandi:

9.15 Uppbótarréttindi vegna niðurfellingar jafnrar réttindaávinnslu:

Fyrir flutning réttinda mun sjóðurinn úthluta uppbótarréttindum til tiltekinna sjóðfélaga. Rétt til uppbótarréttinda eiga sjóðfélagar SL sem áunnu sér réttindi samkvæmt reglum um jafna réttindaávinnslu á árinu 2026, svo og þeir sem uppfylla skilyrði þessarar greinar um tímabundna fjarveru af vinnumarkaði, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem hér greinir. Tilgangur uppbótarréttindanna er að reikna hlutaðeigandi sjóðfélögum uppbót vegna þess að möguleiki þeirra á áframhaldandi jafnri ávinnslu réttinda verður ekki fyrir hendi í kjölfar sameiningar sjóðsins við Almenna-Lífsverk.

Útreikningsgrunnur uppbótarréttinda er fjárhæð þeirra iðgjalda sem greidd voru til sjóðsins á árinu 2026 til jafnrar réttindaávinnslu, nema ákvæði þessarar greinar um tímabundna fjarveru af vinnumarkaði eigi við. Fjárhæðin skal þó ekki vera hærri en viðmiðunariðgjald viðkomandi sjóðfélaga fyrir árið 2026 samkvæmt eldri ákvæðum þessara samþykkta.

Uppbótarréttindi hvers sjóðfélaga skulu samsvara reiknaðri framtíðarskuldbindingu sjóðsins, hefði viðkomandi sjóðfélagi haldið áfram greiðslu iðgjalda til jafnrar réttindaávinnslu, að sömu fjárhæð og nemur útreikningsgrunni uppbótarréttinda, á því tímabili sem tilgreint er í næstu málsgrein. Með reiknaðri framtíðarskuldbindingu er hér átt við viðbótarskuldbindingu SL í tryggingafræðilegu mati sem stafar sérstaklega af jafnri ávinnslu með tilliti til framtíðariðgjalda og aldursháðrar ávinnslu.

Reiknuð framtíðarskuldbinding sjóðsins samkvæmt framangreindu skal byggja á tímabilinu frá brottfalli réttar til áframhaldandi jafnrar ávinnslu réttinda þar til viðkomandi sjóðfélagi nær 67 ára aldri. Reiknuð framtíðarskuldbinding skal þó að lágmarki byggja á því að viðkomandi sjóðfélagi hefði haldið áfram greiðslu iðgjalda til jafnrar réttindaávinnslu til þriggja ára, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs.

Hafi sjóðfélagi hafið töku lífeyris úr SL þann 31. desember 2026 („viðmiðunardagur“) skulu uppbótarréttindi lækkuð í sama hlutfalli og lífeyristakan nemur. Hafi sjóðfélagi hafið töku lífeyris hjá SL að fullu á viðmiðunardegi fellur réttur hans til uppbótarréttinda niður. Framangreint á ekki við um nýtingu barna- og makalífeyris. Ekki skal reikna uppbótarréttindi vegna sjóðfélaga sem er ekki á lífi á viðmiðunardegi.

Við ákvörðun útreikningsgrunns uppbótarréttinda er stjórn sjóðsins heimilt að líta fram hjá iðgjaldagreiðslum sem berast á árinu 2026 séu þær verulega umfram eða að öðru leyti ekki í samræmi við nýtingu sjóðfélagans á rétti til jafnrar réttindaávinnslu á árunum 2023-2025. Þetta á þó ekki við ef frávikið á sér málefnalegar skýringar að mati stjórnar sjóðsins. Áður en ákvörðun er tekin um að lækka útreikningsgrunn á þessum grundvelli skal sjóðfélaganum tilkynnt um fyrirhugaða ákvörðun, forsendur hennar og möguleg áhrif. Jafnframt skal honum veittur hæfilegur frestur til að koma á framfæri athugasemdum og gögnum. Endanleg ákvörðun skal vera skrifleg og rökstudd.

Sjóðfélagi sem nýtti rétt til jafnrar réttindaávinnslu hjá SL á árinu 2025 og var tímabundið fjarverandi af vinnumarkaði á árinu 2026, svo sem vegna veikinda eða atvinnuleysis, getur eigi síðar en 31. desember 2026 óskað eftir því að uppbótarréttindi hans verði reiknuð á grundvelli iðgjaldagreiðslna til jafnrar réttindaávinnslu á árinu 2025 í stað ársins 2026. Að öðru leyti skal fara samkvæmt almennum ákvæðum þessarar greinar við útreikning réttindanna. Áður en beiðni samkvæmt þessari málsgrein er synjað skal sjóðfélaganum tilkynnt um fyrirhugaða ákvörðun og forsendur hennar. Jafnframt skal honum veittur hæfilegur frestur til að koma á framfæri athugasemdum og gögnum. Endanleg ákvörðun skal vera skrifleg og rökstudd.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal reikna uppbótarréttindi samkvæmt ákvæði þessu. Útreikningurinn skal að öðru leyti en í ákvæði þessu greinir byggja á sömu forsendum og lagðar eru til grundvallar við mat á skuldbindingum vegna jafnrar réttindaávinnslu í tryggingafræðilegri athugun sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal staðfesta útreikning tryggingastærðfræðings þegar hann liggur fyrir. Uppbótarréttindin skulu teljast til áunninna réttinda sjóðfélagans í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og flytjast sem slík til Almenna-Lífsverks lífeyrissjóðs við sameiningu sjóðanna.

Skuldbindingar vegna uppbótarréttinda sem úthlutað er samkvæmt ákvæði þessu skulu við sameininguna flutt, líkt og önnur réttindi, til sameinaðs lífeyrissjóðs. Sjóðfélagar SL bera einir ábyrgð á kröfum sem leiða af úthlutun uppbótarréttinda og útreikningi þeirra.

Rökstuðningur

Með framangreindu ákvæði er brugðist við því að þeir sjóðfélagar sem greiða iðgjöld að hluta eða öllu leyti til jafnrar réttindaávinnslu á árinu 2026 geta ekki haldið þeirri ávinnslu áfram eftir sameiningu sjóðsins við Almenna-Lífsverk lífeyrissjóð.

Í tryggingafræðilegum athugunum sjóðsins hefur verið gert ráð fyrir að virkir sjóðfélagar sem nýta rétt til jafnrar réttindaávinnslu haldi áfram sambærilegri nýtingu til 67 ára aldurs. Framtíðarskuldbindingar vegna þessarar ávinnslu hafa því verið teknar með við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Þar sem réttur til frekari jafnrar réttindaávinnslu fellur niður við sameininguna er lagt til að hlutaðeigandi sjóðfélögum verði úthlutað uppbótarréttindum.

Uppbótarréttindum er ætlað að vega á móti því að viðkomandi sjóðfélagar geta eftir sameininguna aðeins áunnið sér réttindi samkvæmt aldursháðri réttindaávinnslu. Með úthlutuninni er reiknuðum framtíðarskuldbindingum vegna jafnrar réttindaávinnslu breytt í áunnin réttindi sjóðfélaganna, í samræmi við þær reglur og takmarkanir sem fram koma í ákvæðinu.

Uppbótarréttindi skulu að meginstefnu reiknuð fyrir þá sjóðfélaga sem greiddu iðgjöld til jafnrar réttindaávinnslu á árinu 2026 og teljast því virkir greiðendur samkvæmt ákvæðinu. Útreikningurinn skal byggjast á sömu tryggingafræðilegu forsendum og lagðar eru til grundvallar við mat á framtíðarskuldbindingum sjóðsins vegna jafnrar réttindaávinnslu. Við úthlutunina aukast áunnar skuldbindingar vegna uppbótarréttindanna. Jafnframt fellur niður sú framtíðarskuldbinding sem tengist áframhaldandi jafnri réttindaávinnslu. Tryggingastærðfræðingur skal meta heildaráhrif

breytingarinnar, þar með talin áhrif lágmarkstímabils og annarra sérreglna ákvæðisins, við samrunauppgjörið.

Til að koma í veg fyrir að tímabundin fjarvera af vinnumarkaði á árinu 2026 leiði til þess að sjóðfélagi fari á mis við uppbótarréttindi er honum heimilt að óska eftir að iðgjaldagreiðslur ársins 2025 verði lagðar til grundvallar í stað iðgjaldagreiðslna ársins 2026. Heimildin tekur til sjóðfélaga sem nýttu rétt til jafnrar réttindaávinnslu hjá sjóðnum á árinu 2025 en voru tímabundið fjarverandi af vinnumarkaði árið 2026, svo sem vegna veikinda eða atvinnuleysis. Um útreikninginn gilda að öðru leyti sömu reglur og um önnur uppbótarréttindi samkvæmt ákvæðinu.

Uppbótarréttindin varða eingöngu réttindi sjóðfélaga SL og byggjast á réttindakerfi og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins fyrir sameiningu. Við samrunauppgjörið þarf því að tryggja að fjárhagsleg áhrif úthlutunarinnar verði að fullu metin og færð með skuldbindingum SL áður en réttindin flytjast til hins sameinaða sjóðs. Rétt þykir að taka sérstaklega fram að sjóðfélagar SL beri einir ábyrgð á kröfum sem leiða af útreikningi og úthlutun uppbótarréttinda í samræmi við samsvarandi ákvæði gr. 25.8 í samþykktabreytingum ALV. Við framkvæmdina skal jafnframt gæta réttindaverndar samkvæmt 4. mgr. 48. gr. laga nr. 129/1997.